

Blönduósbær  
Þorgils Magnússon  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduós

Reykjavík, 10. desember 2020  
UST202011-186/B.S.  
10.04.00

**Efni: Aðalskipulag Blönduósþæjar og deiliskipulag í Stekkjarvík – breyting.**

**Umsögn**


Vísað er til bréfs Blönduósþæjar dags. 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðal- og deiliskipulagi.


Breytingin á aðalskipulagi er vegna nýrrar legur Þverárfjallsvegur, nýrra efnistökusvæða og sorpförgunarsvæðis. Legu vegarins er breytt vegna viðleitni til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi. Umhverfisstofnun telur þessa breytingu jákvæða og gerir ekki athugasemdir. Gert er ráð fyrir nýjum námum vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda. Vegagerðin hefur á öðrum vettvangi gert grein fyrir hvernig staðið verður að efnistökkunni og frágangi og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir. Varðandi stækkun sorpförgunarsvæðis gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir en aukning urðaðs úrgangs um 9.000 tonn er matsskyld og verður fjallað um hana á þeim vettvangi.

Deiliskipulagsbreytingin lýtur að breytingum á stærð og efnismagni urðunarstaðarins, breytingum á framkvæmd vegna uppsetningar og reksturs brennsluofns og gassöfnunarbúnaðar. Breyting á byggingarreit vegna brennsluofns og breytingar á uppdrætti þar sem afmörkun deiliskipulags breytist og breyting á nafni deiliskipulags sem var áður Sölvabakki en verður nú Stekkjarvík.

Umhverfisstofnun telur að ofangreindar breytingar á deiliskipulagi muni ekki breyta náttúrufari á og við deiliskipulagssvæðið að marki frá núverandi ástandi og gerir stofnunin ekki athugasemdir við breytingarnar en bendir á að breytingarnar munu kalla á nýtt eða eftir atvikum breytingu á starfsleyfi urðunarstaðarins.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur